

7. gr.

Eftirlitsmaður með ullarmati skal hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar. Hann skipuleggur störf sín í samráði við ullarmatsnefnd. Hlutverk hans skal vera:

- a) að annast eftirlit og leiðsögn með ullarmati á öllum stöðum þar sem mat fer fram og leiðbeina matsmönnum um matsreglur samkvæmt 1. og 2. gr. og leitast við að samræma vinnubrögð matsmanna.
- b) að hafa umsjón með þjálfun nýrra matsmanna og taka þátt í undirbúningi og framkvæmd námskeiða og fræðslufunda um ullarmat og ullarmedferð fyrir ullarmatsmenn í samráði við ullarmatsnefnd.
- c) að veita bændum almenna fræðslu og leiðbeiningar um rúning, meðferð og frágang á ull.

8. gr.

Ullarmatsnefnd úrskurðar í ágreiningsmálum og annast yfirmat eftir því sem þurfa þykir. Ágreiningi vegna ullarmats er heimilt að vísa til ullarmatsnefndar, sem fellir úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst henni. Nefndinni er heimilt að kalla til matsmenn eða eftirlitsmann með ullarmati til þess að framkvæma yfirmat undir umsjón nefndarinnar. Ullarmatsmönnum er skylt að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um ullarmat.

Ullarmatsnefnd skal einnig standa fyrir fræðslu og leiðbeiningum til ullarmatsmanna og bænda með námskeiða- og fundahöldum. Nefndin vinnur að þessum málum í samstarfi við eftirlitsmann með ullarmati og hún er einnig ráðgefandi fyrir störf hans á öllum sviðum.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um flokkun og mat á gærum og ull nr. 57/1990 og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um móttöku, flokkun og mat ullar nr. 416 8. desember 1976.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um tilnefningu Flugleiða hf. til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og loftferðasamningi milli Íslands og Hollands frá 22. mars 1950, hefur samgönguráðuneytið tilnefnt Flugleiðir hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Hollands frá og með 1. nóvember 1990 og þar til öðru vísi kann að verða ákveðið.

Ráðuneytið hefur jafnframt heimilað Flugleiðum hf. að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Keflavíkur og Hamborgar frá og með 1. nóvember 1990 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Samgönguráðuneytið, 22. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.